

## 9. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 13. janúar 2015, kl. 19:30, ÍSÍ Laugardal

**Mættir eru:** Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála, Sæunn Viggósdóttir, nefndarmaður í tækninefnd fimleika fyrir alla, Berglind Pétursdóttir, formaður tækninefndar áhaldafimleika kvenna, Arnar Ólafsson, formaður, Einar Ólafsson, varaformaður, Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir, ritari og Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Arnar Ólafsson, setti fundinn og Einar Ólafsson tók við fundarstjórn.

### Eftirfarandi erindi voru lögð til samþykktar

#### 1. *Hækkun mótagjalda – Erindi frá skrifstofu*

Sett var fram tillaga um hækkun mótagjalda þar sem að mótagjöldin eru rétt kr. 2.100 í dag. Mótagjöld þyrftu að hækka í samræmi við verðlagsbreytingar í landinu. Ef mótagjöldin hefðu hækkað með neyslúvísistölu undanfarin ár væru þau komin upp í 2.900 kr. í dag ef miðað er við þróun frá árinu 2006.

**Niðurstaða:** Einróma samþykki stjórnar að hækka mótagjöld upp í kr. 2.600 frá og með fyrsta móti ársins.

#### 2. *Hagsmunaárekstrar við dómgæslu – Utanaðkomandi erindi*

Skrifstofu barst utanaðkomandi kvörtun vegna hagsmunaárekstra við dómgæslu. Rætt var um að stundum er settur dómari tengdur keppandi og taldi viðkomandi að um hagsmunaárekstra væri að ráða og vildi fá bót á þessu.

**Niðurstaða:** Erindi sem þessi ættu að berast FSÍ skriflega og undir nafn. Ákveðið að erindi sem ekki berist með slíkum hætti verða ekki tekin fyrir á stjórnarfundum. Stjórn tekur því ekki afstöðu í þessu máli.

### Eftirfarandi erindi voru lögð til umræðu

#### 1. *Óþarfa kostnaður v/móta*

Bréf frá framkvæmdastjóra fimleikadeildar Bjarkanna var rætt vegna óþarfa kostnaðar v/móta hvað varðar ferðir út á land. Málið rætt og er nokkuð ljóst að erindi þetta er partur af stóru myndinni.

#### 2. *Kynning á landsliðsverkefnum vetrarins og lágmörkum*

Sviðsstjóri landsliðsmála fór yfir landsliðsverkefni vetrarins og lágmörk.

#### 3. *Umræða um stefnu félaga í grunnstarfi (kvartanir frá foreldrum)*

Erindi frá skrifstofu. Málið rætt, þetta erindi á heima hjá félögunum, ekki hjá FSÍ.

#### 4. *Samvinna við Tjarnargötuna (kynningarefni og annað myndefni)*

Erindi frá skrifstofu. Erindi kynnt.

#### 5. *Tillaga tækninefnda um sameiningu í aldursflokka*

Erindi kom frá skrifstofu. Er í vinnslu.

Fundi slitið kl. 21:00.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 3. febrúar 2015.

Eva Hrund Gunnarsdóttir ritaði fundinn.